



Borgarráð

***Tilnefning Reykjavíkurborgar í stjórn Áfangastaðastofu***

Lagt er til að borgarráð samþykki að Þórdís Lóa Þórhallsdóttir verði tilnefnd af hálfu Reykjavíkurborgar í stjórn Áfangastaðastofu til samræmis við beiðni Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um slíka tilnefningu. Þann 5. janúar sl. samþykkti borgarráð umboð til borgarstjóra til að undirrita samning um stofnun Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Beiðni SSH um tilnefningu í stjórn Áfangastaðastofu, dags. 23. janúar 2023.

**Frá:** Hildigunnur Hafsteinsdóttir <[hildigunnur@ssh.is](mailto:hildigunnur@ssh.is)>

**Sent:** mánudagur, 23. janúar 2023 14:44

**Til:** Regína Ásvaldsdóttir <[regina@mos.is](mailto:regina@mos.is)>; Dagur B Eggertsson <[dagur@reykjavik.is](mailto:dagur@reykjavik.is)>; Rósa Guðbjartsdóttir <[rosa@hafnarfjordur.is](mailto:rosa@hafnarfjordur.is)>; Almar Guðmundsson <[almar.gudmundsson@gardabaer.is](mailto:almar.gudmundsson@gardabaer.is)>; Ásdís Kristjánsdóttir <[asdis.kristjansdottir@kopavogur.is](mailto:asdis.kristjansdottir@kopavogur.is)>; Þór Sigurgeirsson <[thor.sigurgeirsson@seltjarnarnes.is](mailto:thor.sigurgeirsson@seltjarnarnes.is)>; Páll Björgvin Guðmundsson <[pallbg@ssh.is](mailto:pallbg@ssh.is)>

**Efni:** Beiðni um tilnefningar - stjórn áfangastaðastofu

Komið þið öll sæl,

Á 549. fundi stjórnar SSH sem fram fór hinn 9. janúar sl., var stofnun áfangastaðastofu til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

#### **2209012 - Stofnun Áfangastaðastofu**

Fyrir liggur minnisblað framkvæmdastjóra SSH frá 5. janúar 2022 sem m.a. inniheldur tillögur um næstu skref verkefnisins. Undirbúningur stofnunar áfangastaðastofu sem sjálfseignarstofnunar stendur nú yfir, til samræmis við fyrirbyggjandi tímaáætlun. Sem liður í þeirri vinnu verður kallað eftir tilnefningum stjórnar SSH á einstaklingum í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar. Lagt er til að samningur við verkefnastjóra verði framlengdur um þrjá mánuði vegna vinnu við undirbúninginn.

***Skrifstofa SSH mun kalla eftir tilnefningum stjórnar SSH á þeim einstaklingum sem skipa munu stjórn fyrirhugaðrar áfangastaðastofu af hálfu SSH.***

*Framkvæmdastjóra falið að framlengja samning við verkefnastjóra, Björn H. Reynisson, um þrjá mánuði eða til 1. maí 2023.*

*Samþykkt*

Á grundvelli þessa eruð þið beiðin um að tilnefna einstaklinga í stjórn áfangastaðastofu, en undirbúningur að stofnun stofnunar stendur yfir og gera má ráð fyrir að óbreyttu að stofnfundur hennar verði haldinn í mars.

Tilnefningin fari þá fram á grundvelli þess sem segir í samningsdrögum um stofnun Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins, en hann er nú í samþykktarferli hjá sveitarfélögum:

***Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal skipuð sjö einstaklingum og þremur til vara. Skulu fjórir stjórnarmanna, auk tveggja til vara, tilnefndir af SSH.***

***Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður eru með fast sæti í stjórninni.***

***Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær skipta með sér fjórða sætinu og varamannasætum.***

Er því samkvæmt framansögðu óskað eftir tilnefningu eins aðila frá Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði, eða samtals þremur aðilum.

Þá er óskað eftir tilnefningu á einum einstakling til aðalstjórnar og tveimur aðilum til vara frá Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi.

Í lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur segir eftirfarandi um hæfi stjórnarfólks og verða umræddir aðilar því að uppfylla þau skilyrði:

■ 15. gr.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög, bókhald, ársreikninga, gjaldprot eða opinber gjöld, [svo sem lögum um tekjuskatt, virðisaukaskatt og tryggingagjald]. 1) [Missi stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar hæfi skulu þeir upplýsa sjálfseignarstofnanaskrá um það. Sjálfseignarstofnanaskrá hefur heimild til að afskrá stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra sem missa hæfi sem slíkir.] 2)

Framkvæmdastjórar og minnst helmingur stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi nema ráðherra leyfi annað eða það leiði af alþjóðlegum skuldbindingum. [Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og þá sem eru búsettir á Evrópska efnahagssvæðinu. Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga.] 2) Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.

Að öðru leyti eru ekki sett sérstök hæfisskilyrði og er því heimilt að skipa t.d. kjörinn fulltrúa eða starfsmann sveitarfélags í stjórn.

**Er þess óskað að tilnefningar samkvæmt framansögðu berist eigi síðar en 2. febrúar nk. svo unnt sé að staðfesta tilnefningu SSH á næsta reglulegum fundi stjórnar hinn 6. febrúar nk.**

---

Kær kveðja,



**Hildigunnur Hafsteinsdóttir.**

Lögfræðingur

[hildigunnur@ssh.is](mailto:hildigunnur@ssh.is)

**Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu**

Hamraborg 9, 200 Kópavogi

564-1788

[www.ssh.is](http://www.ssh.is)

---

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 4. mgr. 88. gr. laga nr. 70/2022 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.